

## LÍFSSTÍLLHELGIN

helgin@bladid.net

➤ Það gerir kannski hjólreiðar enn meira aðlaðandi fyrir suma ef þeir finna „sitt“ hjól sem þeim líkar sérstaklega vel við og er kannski aðeins öðruvísi en önnur.

## UM HELGINA



• **Bláir skuggar** Sigurður Flosason og félagar leika tónlist af disknum Bláir skuggar í FÍH-salnum Rauðagerði 27 föstudaginn 21. september kl. 20:30. + mynd

• **Megas fyrir norðan** Megas og Senubjófarnir gleðja Akureyringa með nærveru sinni á föstudags- og laugardagskvöld þegar þeir leika og syngja á skemmtistaðnum Græna hattinum.

• **Rokk á Nasa** Hljómsveitirnar Jeff Who?, Dikta og Ölvis halda stórtónleika á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll föstudaginn 21. september.



• **Skagfirsk sveifla** Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson leikur fyrir dansi á skemmtistaðnum Vélsmiðjunni á Akureyri föstudags- og laugardagskvöld. Frítt inn til miðnætts.

• **Tónleikar í Tónastöðinni** Gítar Islancio og KK eru meðal þeirra sem koma fram á tónleikum í Tónastöðinni, Skipholti 50d, laugardaginn 22. september kl. 15:30. Sérfræðingur frá framleiðendum Martin-gítara verður á staðnum.



• **Ártúnsskóli 20 ára** Opið hús verður í Ártúnsskóla í tilefni 20 ára afmælis hans laugardaginn 22. september kl. 10:30-13. Vinir og velunnarar skólans eru hvattir til að fjölmenna.

• **Haustfagnaður** Sameiginleg skemmtun á vegum félagsmiðstöðva velferðarsviðs í Laugardals- og Háaleitishverfum verður haldin í Þróttarheimilinu í Laugardal þann 23. september frá kl. 15. Hljómsveit Hjördísar Geirs sér um að halda uppi fjörinu. Aðgangseyrir er 1000 krónur en frítt fyrir börn undir 16 ára aldri.

## LÁTTU VITA

Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á bladid@bladid.net

## Hjólreiðadagur í miðbænum í tilefni samgönguviku

## Hjólreiðafólk leggur undir sig kvosina

Hjólreiðafólk leggur undir sig hluta miðbæjarinnar á morgun þegar Samgönguvika nær hámarki. Þrautabraut verður á Austurvelli og hjólað í kappi í kringum Reykjavíkurtjörn.

Eftir Einar Örn Jónsson  
einar.jonsson@bladid.net

Samgönguvika í Reykjavík nær hámarki á morgun þegar hjólastir halda úr nokkrum hverfum höfuðborgarsvæðisins niður í Nauthólsvík. Hjólreiðafólkið sameinast í Nauthólsvík og þaðan heldur öll hersingin í Ráðhús Reykjavíkur þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá helgaða reidhjólina.

## Hjól sem má brjóta saman

Hin árlega hjólreiðakeppni Tjarnarspretturinn fer fram kl. 14:30 en í henni þurfa keppendur að hjóla 15 hringi í kringum Tjörnina á sem stystum tíma. Þá verður sett upp þrautabraut fyrir unga hjólreiðamenn á öllum aldri á Austurvelli og í Ráðhúsinu verður slegið upp sýningu á hjólum af ýmsu tagi. Pálmi Freyr Randversson, verkefnisstjóri samgönguviku, segir að aukin fjölbreytni einkenni reidhjólafloata landsmanna nú á dögum. „Fólk hefur verið að flytja heim eftir að hafa dvalið erlendis, til dæmis í Danmörku, og kemur með nýjungar með sér. Það kemur kannski með Kristjánihjól þar sem það hjólar með börnin sín í kassa framan á hjólinu. Fólk á greinilega ýmiss konar hjól sem henta því, til dæmis svokölluð liggihjól og hjól sem er hægt að pakka ofan í skott á bílum,“ segir Pálmi og bendir enn fremur á að fólk sé að átta sig á því að það geti fundið hjól sem á við persónulegan stíl þess. „Það gerir kannski hjólreiðar enn meira aðlaðandi fyrir suma ef þeir finna „sitt“ hjól sem þeim líkar sérstaklega vel við og er kannski aðeins öðruvísi en önnur,“ segir hann.

## Sýnileiki hjólreiðamanna

Auk sýningarinnar verður efnt til málþings um hjólreiðar í Ráðhúsinu.



Reidhjólíð í öndvegi Boðið verður upp á þrautabraut fyrir hjólreiðafólk á Austurvelli á morgun. Í Ráðhúsinu verður sýning á hjólum af ýmsu tagi og málþing um hjólreiðar.

Fyrstur á mælendaskrá er Óskar Dýrmundur Ólafsson sem fjallar í erindi sínu um sögu hjólreiða hér á landi en hann skrifaði BA-ritgerð um málið á sínum tíma. Hinn aðal-fyrirlesarinn er John Franklin sem er breskur sérfræðingur í öryggi hjólreiðamanna. Fyrirlestur hans ber yfirskriftina „Hjólað af öryggi á götum borgarinnar“. „Það verður spennandi að heyrja hvað hann hefur að segja því að hann er svoltið umdeildur. Hann vill til dæmis að þar sem hjólreiðastígar eru ekki fyrir hendi eigi hjólreiðamenn að hjóla úti á miðri götu þannig að bílstjórar taki alveg örugglega eftir þeim. Í stað þess að halda sig úti í kantinum og vera stöðugt að passa sig á bílunum eigi þeir að vera sýnilegir í umferðinni,“ segir Pálmi sem

býst við að skiptar skoðanir verði um erindi Franklins enda ekki allir sammála honum.

## Stuð í stræti

Sjónum verður sérstaklega beint að strætisvagnsamgöngum á dagskrá samgönguviku í dag. Stuðlið hefst árla dags þegar tónlistarmenn troða upp á nokkrum leiðum. Þannig verður til dæmis Magga Stína við annan mann á leið 14, Ólöf Arnalds á leið 13 og Svavar Knútur og Jón Geir úr Hrauni skemmta farþegum leiðar 6 með leik og söng. Síðdegis verður svo slegið upp tónleikum með hljómsveitinni Retro Stefson á Hlemmi. „Með því að skapa stemningu í stræti og halda þessa tónleika viljum við þakka námsfólkinu fyrir góðar undirtektir

## HJÓLALESTIN

➤ Fyrsta hjólalestin leggur af stað frá Hafnarborg í Hafnarfirði kl. 12.

➤ Gert er ráð fyrir að hún sameinist hjólreiðafólki við Sjálandsskóla í Garðabæ kl. 12:45 og Kópavogsbúar slást í för við Gerðarsafn um kl. 13:20.

➤ Hjólalestir leggja einnig af stað frá Vesturbæjarlaug og Árbæjarsafni kl. 13. Hjólalestirnar eru ætlaðar fjölskyldufólki og er öllum velkomið að taka þátt í þeim.

við Frítt í stræti-verkefninu,“ segir Pálmi Freyr Randversson að lokum.

## Byggingarlist fyrir yngstu kynslóðina

## Af hverju býr fólk í húsum?

Guja Dögg Hauksdóttir, deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, stendur fyrir óformlegu spjalli um byggingarlist á fjölskyldustund á Kjarvalsstöðum á sunnudag kl. 14.

Fjölskyldustundin er ætluð öllum aldurshópum en tilgangur hennar er að bjóða upp á fjórlegar umræður og óheft hugarflug um hugtakið byggingarlist. Þar verður varpað fram spurningum á borð við Af hverju býr fólk í húsum? Af hverju byggja dýrin sér öðruvísi bústaði en mannfólkið? Af hverju búa ekki öll dýr í húsum? Hvað er bygging og hvað er byggingarlist?



Byggingarlist fyrir alla Guja Dögg Hauksdóttir stjórnar fjórlegum umræðum.

Gestum er einnig boðið að fá útrás fyrir sköpunarþörf sína með því að byggja líkan úr trélistum og brjóta saman gogg með óvæntum spurningum um ýmislegt sem viðkemur byggingarlist Kjarvalsstaða.

Fjölskyldustundin er unnin í tengslum við sýningu norðursalarins, Byggingarlist í augnhæð, sem helguð er ungu fólki. Sýningin er unnin út frá þeirri hugsjón að fræðsla um byggingarlist örvi upplifun og efla meðvitund ungs fólks um umhverfi sitt. Sýningin leggur út frá þremur grunnildum byggingarlistarinnar sem eru feegurð, varanleiki og notagildi.

Sýningin tengist þróunarverkefni sem Arkitektafélag Íslands hefur átt frumkvæði að og er ætlað til kennslu í byggingarlist fyrir börn og ungt fólk. Sýningin stendur til 31. desember.



GERÐUBERG

www.gerduberg.is

Verið velkomin á opnun sýninga í Gerðubergi laugardaginn 22. september kl. 14!

## Handverkshefð í hönnun

34 hönnuðir, lista- og handverksfólk sýna verk sín í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Handverk og hönnun

## Úr ríki náttúrunnar

Guðmunda S. Gunnarsdóttir, alþýdulistakona, opnar sýningu á málverkum og myndverkum úr rekaviði og steinum

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700.